Það er mikið áhyggjuefni hjá UEFA og FIFA að dómurum hefur fækkað mjög mikið í aðildarlöndunum. Sérstaklega var fækkunin mikil í Covid. Dómurum hefur fjölgað á síðustu árum og nálgast þær hæðir sem hann var í fyrir Covid.

**Dómaraþjálfarar.**
Í byrjun árs voru ráðnir dómaraþjálfarar í hlutastarf hjá KSÍ. Hér er um ný stöðugildi að ræða og löngu orðið tímabært að mati dómaranefndar að dómarar séu með þjálfara á sínum snærum eins og aðrir íþróttamenn. Gunnar Jarl Jónsson, fyrrum FIFA dómari, og Frosti Viðar Gunnarsson, fyrrum FIFA aðstoðardómari, voru ráðnir sem dómaraþjálfarar í byrjun árs.

**Hæfileikamótun.**

Í byrjun júní var haldinn dómaradagur fyrir unga KSÍ dómara í höfuðstöðvum KSÍ. 15 dómarar tóku þátt í verkefninu sem fór fram á fyrirlestrarformi og með verklegum æfingum. Dómaraþjálfarar, þrekþjálfari og FIFA dómarar sáu um fræðsluna.

**Eftirlit með leikjum og störfum dómara**

40 eftirlitsmenn störfuðu á leikjum í A deild Lengjubikars karla, landsdeildum og bikarkeppnum árið 2025. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja og frammistöðu dómara.

**Fastlaunakerfi.**

Undanfarin ár hefur hópur dómara verið á fastlaunum yfir vetrartímann. Dómari á fastlaunasamningi verður að uppfylla ákveðinn æfingafjölda í hverjum mánuði og mæta á fundi og ráðstefnur á vegum dómaranefndar. Einnig koma þeir að fræðslumálum sé eftir því óskað. Heildarupphæðin sem KSÍ ráðstafar í þennan lið eru 7 milljónir ár hvert. Fyrsta greiðslan er 1. nóvember og síðasta 1. apríl. Í vetur eru 19 landsdómarar á fastlaunum.

**Lokaorð**

Dómaranefnd KSÍ og starfsfólk dómaramála þakkar aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum þeirra, dómurum og eftirlitsmönnum ánægjulegt samstarf á árinu 2025.

*Egill Már Markússon, formaður*

# Innlend verkefni dómara 2025

| | Íslandsmót karla | | | | | | | | | | | | ÍM og BK | | Bikar / MK | | Dbikar | | Samtals | | Íslandsmót kvenna | | | | | | Bikar / MK | | Dbikar | | Samtals | | Verkefni | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | BD karla | | 1. deild | | 2. deild | | 3. deild | | 4. deild | | 5. deild | | 2.fl. | | karla | | karla | | mfl. karla | | BD kv. | | 1. deild | | 2. deild | | kvenna | | kvenna | | mfl. kv. | | samtals | | |
| **FIFA-dómarar:** | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | VD |
| Bríet Bragadóttir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 13 | 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 5 | 0 | 25 | 0 | 25 | 0 | 3 |
| Helgi Mikael Jónasson | 21 | 0 | 11 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 6 | 0 | 41 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 42 | 0 | 10 |
| Jóhann Ingi Jónsson | 14 | 0 | 6 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 5 | 0 | 30 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 32 | 0 | 10 |
| Ívar Orri Kristjánsson | 16 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 4 | 0 | 30 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 30 | 0 | 2 |
| Vilhjálmur Alvar Þórarinsson | 21 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 5 | 0 | 34 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 35 | 0 | 6 |
| **Bestu-deildar dómarar:** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Arnar Þór Stefánsson | 9 | 0 | 9 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 3 | 0 | 25 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 27 | 0 | 18 |
| Elías Ingi Árnason | 10 | 0 | 5 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 3 | 0 | 25 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 26 | 0 | 16 |
| Erlendur Eiríksson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 0 | 0 |
| Gunnar Freyr Róbertsson | 5 | 0 | 13 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 3 | 0 | 4 | 0 | 28 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 3 | 0 | 31 | 0 | 18 |
| Gunnar Oddur Hafliðason | 15 | 0 | 13 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 5 | 0 | 39 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 43 | 0 | 20 |
| Pétur Guðmundsson | 3 | 0 | 4 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 13 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 13 | 0 | 3 |
| Sigurður Hjörtur :rastarson | 20 | 0 | 4 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 5 | 0 | 2 | 0 | 35 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 37 | 0 | 2 |
| Twana Khalid Ahmed | 16 | 0 | 14 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 7 | 0 | 42 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 45 | 0 | 13 |
| Þórður Þorsteinsson Þórðarson | 12 | 0 | 7 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 3 | 0 | 28 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 5 | 0 | 33 | 0 | 17 |
| **FIFA aðstoðardómarar:** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Andri Vigfússon | 0 | 0 | 0 | 6 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 1 | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 3 | 10 | 0 |
| Birkir Sigurðarson | 0 | 21 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 5 | 1 | 31 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 31 | 0 |
| Egill Guðvarður Guðlaugsson | 0 | 29 | 0 | 9 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 5 | 0 | 7 | 0 | 53 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 55 | 0 |
| Eysteinn Hrafnkelsson | 0 | 23 | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 6 | 0 | 37 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 38 | 0 |
| Gylfi Már Sigurðsson | 0 | 27 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 3 | 0 | 37 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 37 | 0 |
| Kristján Már ólafsson | 0 | 21 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 5 | 0 | 6 | 0 | 37 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 37 | 0 |
| Ragnar Þór Bender | 0 | 25 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 4 | 0 | 4 | 0 | 36 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 38 | 0 |
| Rúna Kristín Stefánsdóttir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| **Bestu-deildar aðstoðadómar:** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Antoníus Bjarki Halldórsson | 0 | 16 | 0 | 7 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 5 | 0 | 32 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 35 | 0 |
| Bergur Daði Ágústsson | 0 | 19 | 0 | 10 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 4 | 0 | 36 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 4 | 0 | 40 | 0 |
| Bryngeir Valdimarsson | 0 | 19 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 4 | 0 | 35 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 35 | 0 |
| Eðvarð Eðvarðsson | 0 | 24 | 0 | 3 | 0 | 2 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 4 | 3 | 3 | 7 | 37 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 2 | 1 | 4 | 8 | 41 | 1 |
| Guðmundur Ingi Bjarnason | 0 | 26 | 0 | 7 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 5 | 0 | 7 | 0 | 48 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 4 | 0 | 0 | 1 | 5 | 1 | 53 | 1 |
| Patrik Freyr Guðmundsson | 0 | 24 | 0 | 5 | 0 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 3 | 0 | 5 | 0 | 4 | 3 | 42 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 3 | 44 | 1 |
| Smári Stefánsson | 0 | 0 | 0 | 13 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 3 | 0 | 19 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 20 | 0 |
| Sveinn Ingi Sigurjónsson Waage | 0 | 15 | 0 | 9 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 7 | 0 | 35 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 36 | 0 |
| Þórður Arnar Árnason | 0 | 26 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 5 | 0 | 42 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 | 42 | 0 |

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2025

| Aðrir landsdómarar | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | VD |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Aðalbjörn Heiðar Þorsteinsson | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 3 | 0 | 2 | 0 | 5 | 0 | 17 | 0 | 4 | 0 | 1 | 0 | 4 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 12 | 0 | 29 | 0 | 14 |
| Arnar Ingi Ingvarsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Arnþór Helgi Gíslason | 0 | 2 | 0 | 15 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 3 | 0 | 6 | 0 | 29 | 0 | 7 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 9 | 0 | 38 | 1 |
| Atli Haukur Arnarsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 6 | 0 | 18 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 18 | 1 | 0 |
| Ásmundur Þór Sveinsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 11 | 0 | 4 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 3 | 0 | 5 | 0 | 25 | 0 | 8 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 | 0 | 34 | 0 | 4 |
| Bergvin Fannar Gunnarsson | 0 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 1 | 0 | 3 | 0 | 10 | 1 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 7 | 0 | 17 | 1 | 1 |
| Birgir Þór Þrastarson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Brynjar Þór Elvarsson | 0 | 0 | 3 | 0 | 10 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 4 | 0 | 21 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 10 | 0 | 31 | 0 | 11 |
| Bergrós Lilja Unudóttir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Daníel Ingi Þórsson | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 3 | 1 | 9 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 11 | 0 |
| Eydís Ragna Einarsdóttir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 13 | 0 | 3 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 7 | 0 | 27 | 0 | 29 | 0 |
| Birkir Örn Pétursson | 0 | 0 | 0 | 9 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 2 | 0 | 17 | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 7 | 0 | 24 | 2 |
| Guðmundur Páll Friðbertsson | 0 | 0 | 5 | 0 | 7 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 4 | 0 | 5 | 0 | 26 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 8 | 0 | 34 | 0 | 11 |
| Guðmundur Valgeirsson | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 9 | 1 | 4 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 3 | 18 | 0 | 5 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 2 | 6 | 5 | 24 | 1 |
| Guðni Páll Kristjánsson | 0 | 0 | 3 | 0 | 7 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 3 | 0 | 15 | 1 | 4 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 8 | 0 | 23 | 1 | 8 |
| Hreinn Magnússon | 0 | 0 | 2 | 0 | 14 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 3 | 0 | 5 | 0 | 28 | 0 | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 | 0 | 34 | 0 | 22 |
| Óliver Thanh Tung Vú | 0 | 0 | 0 | 16 | 1 | 8 | 2 | 0 | 2 | 2 | 3 | 2 | 5 | 1 | 0 | 4 | 3 | 8 | 16 | 41 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 1 | 1 | 10 | 17 | 51 | 0 |
| Guðni Freyr Ingason | 0 | 1 | 0 | 14 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 4 | 0 | 11 | 3 | 37 | 0 | 9 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 10 | 3 | 47 | 1 |
| Kristófer Bergmann | 0 | 0 | 0 | 19 | 0 | 4 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 3 | 0 | 6 | 3 | 36 | 0 | 11 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 |  | 1 | 13 | 4 | 49 | 0 |
| Kári Mímisson | 0 | 0 | 0 | 7 | 0 | 9 | 0 | 5 | 0 | 0 | 1 | 1 | 3 | 4 | 0 | 3 | 0 | 1 | 4 | 30 | 0 | 14 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 19 | 4 | 49 | 0 |
| Jens Elvar Sævarsson | 0 | 0 | 7 | 0 | 5 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 16 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 18 | 0 | 3 |
| Jovan Subic | 0 | 0 | 0 | 12 | 8 | 1 | 2 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 4 | 2 | 1 | 1 | 2 | 5 | 18 | 22 | 7 | 7 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 | 1 | 0 | 10 | 9 | 28 | 31 | 4 |
| Ronnarong Wongmahadthai | 0 | 3 | 0 | 12 | 12 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 5 | 0 | 1 | 3 | 1 | 5 | 22 | 24 | 6 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 2 | 1 | 12 | 2 | 34 | 26 | 7 |
| Stefán Ragnar Guðlaugsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 18 | 0 | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 8 | 0 | 26 | 0 | 10 |
| Róbert Þór Guðmundsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 10 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 3 | 0 | 20 | 0 | 4 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 3 | 0 | 10 | 0 | 30 | 0 | 7 |
| Óli Njáll Ingólfsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 4 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 14 | 0 | 1 |
| Reynir Ingi Finsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 5 | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 12 | 0 | 16 | 0 | 6 |
| Sveinn Arnarsson | 0 | 0 | 15 | 0 | 4 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 2 | 0 | 7 | 0 | 34 | 0 | 9 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 10 | 0 | 44 | 0 | 13 |
| Tomaz Piotr Zietal | 0 | 3 | 0 | 13 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 9 | 0 | 2 | 5 | 1 | 5 | 14 | 27 | 0 | 6 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 3 | 8 | 17 | 35 | 4 |
| Þorfinnur Gústaf Þorfinnsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 10 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 20 | 0 | 9 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 13 | 0 | 33 | 0 | 11 |
| **Verkefni alls:** | **162** | **324** | **135** | **223** | **131** | **48** | **41** | **20** | **15** | **7** | **12** | **7** | **73** | **15** | **68** | **92** | **118** | **125** | **755** | **861** | **111** | **99** | **22** | **4** | **19** | **5** | **20** | **23** | **31** | **18** | **203** | **149** | **958** | **1010** | **284** |

**Alþjóðleg verkefni dómara á erlendri grundu**

| Nr. | Dags. | Land | y | Mót og lið | Leikur | Dómari | Aðstoðardómari 1 | Aðstoðardómari 2 | Fjórði dómari |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 25.02.2025 | Ungverjaland | Győr | Undankeppni HM | Ísrael-Eistland | Bríet Bragadóttir | | | Jóhann Ingi Jónsson |
| 2 | 17.03.2025 | N-Írland | Belfast | U-17 | Kazakstan-Eistland | Bríet Bragadóttir | | | |
| 3 | 20.03.2025 | N-Írland | Belfast | U-17 | Eistland-Svartfjallaland | Bríet Bragadóttir | | | |
| 4 | 23.03.2025 | N-Írland | Belfast | U-17 | Eistland-N-Írland | | | | Bríet Bragadóttir |
| 5 | 05.04.2025 | Ungverjaland | Telki | U-19 riðill KVK | Tyrkland-Bosnía/Hersegó nía | | | Eysteinn Hrafnkelsson | Bríet Bragadóttir |
| 6 | 08.04.2025 | Ungverjaland | Telki | U-19 riðill KVK | Bosnía/hersegónía | Bríet Bragadóttir | Eysteinn Hrafnkelsson | | |
| 7 | 10.07.2025 | Finnland | Seinäjok | Sambandsdeildin | Seinajoki-KÍ Klakksvík | Jóhann Ingi Jónsson | Ragnar Þór Bender | Gylfi Már Sigurðsson | Helgi Mikael Jónasson |
| 8 | 17.07.2025 | Svíþjóð | Gautaborg | Evrópudeildin | Hacken-Sparta Trnava | Ívar Orri Kristjánsson | Birkir Sigurðarson | Gylfi Már Sigurðsson | Vilhjálmur Alvar Þórarinsson |
| 9 | 17.07.2025 | Finnland | Helsinki | Sambandsdeildin | HJK-NSÍ | Helgi Mikael Jónasson | Egill Guðvarður Guðlaugss | Eysteinn Hrafnkelsson | Jóhann Ingi Jónsson |
| 10 | 30.07.2025 | Írland | Athlone | Meistaradeildin | Cardiff CityAthone Town | | | | Bríet Bragadóttir |
| 11 | 31.07.2025 | Luxemborg | Differdai | Sambandsdeildin | FC UNA Strassen-Dundee | Vilhjálmur Alvar Þórarins | Gylfi Már Sigurðsson | Kristján Már Ólafs | Gunnar Oddur Hafliðason |
| 12 | 31.07.2025 | Holland | Alkmaar | Sambandsdeildin | AZ Alkmar-FC Shakhtar Dc | Ívar Orri Kristjánsson | Birkir Sigurðarson | Ragnar Þór Bender | Þórður Þorsteinsson Þórðarson |
| 13 | 31.07.2025 | Svíþjóð | Solna | Sambandsdeildin | AIK-Paide Linnameeskond | Helgi Mikael Jónasson | Egill Guðvarður Guðlaugss | Eysteinn Hrafnkelsson | Jóhann Ingi Jónsson |
| 14 | 02.08.2025 | Írland | Athlone | Meistaradeildin | Znk Agram-Athlone Town | Bríet Bragadóttir | | | |
| 15 | 23.08.2025 | Danmörk | Copenha | Norrænt skiptiverkefni | HB Köge-Bröndby IF | Briet Bragadóttir | | Tijana Krstic | |
| 16 | 23.08.2025 | Danmörk | Copenha | Norrænt skiptiverkefni | B93-Kolding | Þórður Þorsteinsson Þórðarson | | Bergur Daði Ágústsson | |
| 17 | 14.09.2025 | Færeyjar | Skálar | Norrænt skiptiverkefni | Skála-KÍ | Gunnar Oddur Hafliðason | | Guðmundur Ingi Bjarnason | |
| 18 | 17.09.2025 | Tékkland | Prague | Youth league | SK Slavia Prag-FK Bödo/Gl | Jóhann Ingi Jónsson | Ragnar Þór Bender | Eysteinn Hrafnkelsson | |
| 19 | 13.10.2025 | Malta | Ta' Qali | U-21 | Malta-Georgía | Jóhann Ingi Jónsson | Ragnar Þór Bender | Gylfi Már Sigurðsson | Helgi Mikael Jónasson |
| 20 | 01.10.2025 | Þýskaland | Leverkus | Youth league | Leverkusen-PSV | Helgi Mikael Jónasson | Egill Guðvarður Guðlaugss | Guðmundur Ingi Bjarnason | |
| 22 | 23.10.2025 | Tyrkland | Samsun | Sambandsdeildin | Samsunspor-FC Dinamo K | Ívar Orri Kristjánsson | Birkir Sigurðarson | Gylfi Már Sigurðsson | Vilhjálmur Alvar Þórarinsson |
| 23 | 24.10.2025 | Moldavía | Vadul Lui V | U-17 kvk | Moldavía-Kosovo | Bríet Bragadóttir | Tijana Krstic | | |
| 24 | 27.10.2025 | Moldavía | Chisnau | U-17 kvk | Kosovo-Aserbajdjan | Bríet Bragadóttir | Tijana Krstic | | |
| 25 | 30.10.2025 | Moldavía | Vadul Lui V | U-17 kvk | Kosovo-Wales | | | Tijana Krstic | Bríet Bragadóttir |
| 26 | 12.11.225 | Sviss | | U-19 | Danmörk-San Marino | Helgi Mikael Jónasson | Egill Guðvarður Guðlaugsson | | |
| 27 | 13.11.2025 | N-Írland | Belfast | U-21 | N-Írland-Lettland | Ívar Orri Kristjánsson | Birkir Sigurðarson | Ragnar Þór Bender | Þórður Þorsteinsson Þórðarson |
| 28 | 11/15/2025 | Sviss | | U-19 | Sviss-San Marino | Helgi Mikael Jónasson | Egill Guðvarður Guðlaugsson | | |
| 29 | 11/18/2025 | Sviss | | U-19 | Sviss-Danörk | | | Egill Guðvarður Guðlaugss | Helgi Mikael Jónasson |
| 30 | 11/26/2025 | Pólland | Stalowa Wc | Youth league | Dynamo Kyiv-Hibernian | Helgi Mikael Jónasson | Egill Guðvarður Guðlaugss | Kristján Már Ólafs | |
| 31 | 12/11/2025 | Norður-Makec | Skopje | Sambandsdeildin | KF Shendija-Slovan Bratisl | Ívar Orri Kristjánsson | Birkir Sigurðarson | Gylfi Már Sigurðsson | Vilhjálmur Alvar Þórarinsson |

| | Alþjóðleg verkefni eftirlitsmanna | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Dags. | Land | Leikstaður | Mót og lið | Leikur | Eftirlitsdómari |
| 1 | 20.02.2025 | Kýpur | Nicosia | Evrópudeildin | Apoel-Celje | Gylfi Þór Orrason |
| 2 | 19.03.2025 | Tékkland | Tékkland | U-19 riðill | Riðlakeppni | Kristinn Jakobsson |
| 3 | 23.03.2025 | Þýskaland | Dortmund | Þjóðardeildin | Þýskaland-Ítalía | Gylfi Þór Orrason |
| 4 | 10.04.2025 | Spánn | Sevilla | Sambandsdeildin | Betis-Jagiellona Bialstok | Gylfi Þór Orrason |
| 5 | 08.07.2025 | Finnland | Kuopio | Meistaradeildin | Kups-Milsami | Þóroddur Hjaltalín |
| 6 | 17.07.2025 | Finnland | Tampere | Evrópudeildin | Ilves-Shakhtar Donetsk | Egill Már Markússon |
| 7 | 17.07.2025 | N-Írland | Belfast | Sambandsdeildin | Cliftonville-St Joseph's | Gunnar Jarl Jónsson |
| 8 | 22.07.2025 | Makedonía | Tetovo | Meistaradeildin | KF Shkendija-Fotbal ClubF | Kristinn Jakobsson |
| 9 | 24.07.2025 | Írland | Dublin | Sambandsdeildin | St. Patricks-Nomme Kalju | Þóroddur Hjaltalín |
| 11 | 31.07.2025 | Pólland | Bialystok | Sambandsdeildin | Jagiellonia Bialystok-Novi | Gylfi Þór Orrason |
| 12 | 31.07.2025 | Litháen | Gargzdai | Sambandsdeildin | Banga-Rosenborg | Gunnar Jarl Jónsson |
| 13 | 31.07.2025 | Írland | Dublin | Sambandsdeildin | Shamrock-Rovers-ST Josep | Kristinn Jakobsson |
| 14 | 07.08.2025 | Írland | Dublin | Sambandsdeildin | ST.Patrik's-Besiktas | Gylfi Þór Orrason |
| 15 | 07.08.2025 | Færeyjar | Klakksvík | Sambandsdeildin | KÍ Klaksví-FC Neman Grod | Kristinn Jakobsson |
| 16 | 28.08.2025 | Sviss | Basel | Evrópudeildin | Young Boys-SK Slovan Bra | Gylfi Þór Orrason |
| 17 | 28.08.2025 | Sviss | Genf | Sambandsdeildin | Servette-Shakthar Donets | Þóroddur Hjaltalín |
| 18 | 24.09.2025 | Svíþjóð | Malmö | Evrópudeildin | Malmö-Ludogorets | Gylfi Þór Orrason |
| 19 | 01.10.2025 | Ísland | Akureyri | Youth league | KA-FS Jelgava | Gylfi Þór Orrason |
| 20 | 02.10.2025 | Skotland | Aberdeen | Sambandsdeildin | Aberdeen-Shaktar Donets | Kristinn Jakobsson |
| 21 | 02.10.2025 | Slovenia | Celje | Sambandsdeildin | Celje-AEK | Gunnar Jarl Jónsson |
| 22 | 13.10.2025 | Wales | Cardiff | HM landsliða | Wales-Belgía | Gylfi Þór Orrason |
| 23 | 22.10.2025 | Ísland | Akureyri | Youth league | KA-PAOK | Kristinn Jakobsson |
| 24 | 06.11.21025 | England | London | Sambandsdeildin | Palace- AZ Alkmar | Þóroddur Hjaltalín |
| 25 | 14.11.2025 | Gíbraltar | Gíbraltar | HM landsliða | Gíbraltar-Svartfjallaland | Þóroddur Hjaltalín |

## Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar

Eftirtalin voru kosin í aga- og úrskurðarnefnd á ársþingi KSÍ árið 2025 til tveggja ára: Þröstur Ríkharðsson, formaður, Erna Birgisdóttir, varaformaður, Helgi R. Magnússon, varaformaður, Andri Valur Ívarsson, Ásta Björk Eiríksdóttir, Jóna Benný Kristjánsdóttir, Gunnar Sverrir Gunnarsson og Páll Kristjánsson.

Aga- og úrskurðarnefnd hefur tvíþætt meginhlutverk, annars vegar úrskurðarnefndin í agamálum og hins vegar er nefndin úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi í kærumálum. Nefndin starfar óháð KSÍ, en hefur sér til aðstoðar starfsmann á skrifstofu KSÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fundar vikulega á keppnistímabilinu og voru reglulegir þriðjudagsfundir nefndarinnar 39 í ár. Þar fyrir utan kemur nefndin saman á aukafundum fyrir keppnistímabilið og á keppnistímabilinu sjálfu til að fjalla um einstök mál.

Sektir félaga á árunum 2025 námu samtals kr. 5.564.000,-. Þetta er hækkun frá síðasta ári (kr. 4.315.000,-) en þess skal getið að fjárhæðir sekta hækkuðu almennt frá síðasta ári. Skipting sekta var með þeim hætti að sektir vegna refsistiga og brottvísana þjálfara og starfsmanna liða námu kr. 2.439.000,-. Aðrar sektir sem aga- og úrskurðarnefnd beitti vegna kærumála og annarra agamála námu kr. 2.950.000. Loks beitti aga- og úrskurðarnefnd sektum að fjárhæð kr. 200.000,- vegna leyfiskerfis KSÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd kvað upp úrskurð í 11 kærumálum. Tvö mál hófust hjá nefndinni til viðbótar við þessi mál sem lauk með því að kærandi dró kæru sína til baka. Sjö úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar var áfrýjað til Áfrýjunardómstóls KSÍ.

Drago-stytturnar eru veittar háttvísustu liðunum efstu deildum karla og kvenna en stuðst er við fjölda refsistiga vegna gulra og rauðra spjalda. Fram hlýtur Drago-styttuna fyrir árið 2025 í efstu deild karla og Breiðablik í efstu deild kvenna.

Samstarfsfólki mínu í aga- og úrskurðarnefnd og starfsmönnum KSÍ er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

*Þröstur Ríkharðsson, formaður*

## Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2025 skipuðu Gísli Guðni Hall, formaður, Birgir Tjörvi Pétursson og Eva Halldórsdóttir. Varamenn voru Heiðrún Lind Marteinsdóttir, Ragnar Baldursson og Unnar Steinn Bjarndal. Starfsmaður nefndarinnar var Axel Kári Vignisson.

**Leikmannasamningar (leikmannssamningar og sambandssamningar):**
Þann 5. desember 2025 eru skráðir samningar á milli leikmanna og aðildarfélaga hjá KSÍ 847 samanlagt. Þar af eru 765 leikmannssamningar (professional) og 82 sambandssamningar (amateur). Hlutfall skráðra leikmannssamninga hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum karla er 522 á móti 243 hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum kvenna. Hlutfall skráðra sambandssamninga hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum karla er 12 á móti 70 hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum kvenna.

**Málum vísað til nefndarinnar**
Á þessu starfsári var aðeins einu máli vísað formlega til samninga- og félagaskiptanefndar til úrlausnar og úrskurðar. Líkt og undanfarin ár bárust þó ýmsar fyrirspurnir og málefni sem leyst voru án formlegrar meðferðar nefndarinnar. Flest þessara mála varða ágreining um samninga og beiðnir um félagaskipti utan félagaskiptatímabils. Slík mál eru í mörgum tilfellum leyst milli aðila eða innan KSÍ án formlegrar aðkomu samninga- og félagaskiptanefndar.

Eftirfarandi mál fengu formlega meðferð:

**Mál 1/2025: Beiðni HK og Bart Kooistra um undanþágu um félagaskipti**
Samninga- og félagaskiptanefnd barst ósk HK og Bart Kooistra um samþykki nefndarinnar, sbr. gr. 10.3 reglugerðar KSÍ félagaskipti, samning, og stöðu leikmanna og félaga, fyrir félagskiptum leikmannsins frá Haremase Boys í Hollandi til HK utan skilgreinds félagaskiptatímabils.
Nefndin rakti skilyrði gr. 10.3, einkum það skilyrði að heimilt sé að leyfa félagaskipti samningslauss samningsleikmanns utan skilgreindra félagaskiptatímabila ef leikmaðurinn hafi verið orðin samningslaus áður en hann get gengið til liðs við annað félag. Það lá fyrir að leikmaðurinn varð samningslaus í Hollandi þann 31. maí 2025 og að félagaskiptatímabilinu á Íslandi lauk þann 29. apríl s.á. Með vísan til þess að leikmaðurinn hafði ekki orðið samningslaus fyrir lok félagskiptatímabilsins á Íslandi taldi nefndin að ekki stæðu efni til þess að heimila félagaskipti hans til HK utan félagaskiptatímabils.

**Mál 2/2025: Beiðni ÍA um undanþágu um félagaskipti**
Samninga- og félagaskiptanefnd barst ósk ÍA um samþykki nefndarinnar, sbr. gr. 10.3 reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, fyrir félagaskiptum leikmannsins Jóns Breka Guðmundssonar frá Empoli til ÍA utan skilgreinds félagaskiptatímabils. Nefndin fór yfir fyrirliggjandi gögn og taldi sér ekki fært að aðhafast í málinu að svo stöddu með vísan til þess að FIFA var enn með umsóknina til skoðunar og hafði ekki veitt heimild fyrir alþjóðlegum félagaskiptum ungmennis. Félagaskiptin gengu í gegn án aðkomu nefndarinnar þegar FIFA hafði veitt heimild fyrir skiptunum.

**Umboðsmenn í knattspyrnu**
KSÍ hefur haldið skráningu umboðsmanna hér á landi en slík skráning er ekki forsenda þess að umboðsmanni sé heimilt að starfa hér á landi. Reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu er í öllum meginatriðum eins og reglugerð FIFA. Þá segir í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga að umboðsmenn sem skráðir hafa verið hjá FIFA megi starfa sem umboðsmenn. Af þessum sökum mun KSÍ ekki halda sérstaka skráningu umfram skráningu FIFA. Umboðsmönnum er sem áður skylt að starfa eftir reglugerðum FIFA og KSÍ.

**Félagaskipti**
Guðni Þór Einarsson hafði að mestu umsjón með afgreiðslu félagaskipta á árinu. Árið 2025 voru 2.632 félagaskipti afgreidd samanborið við 2.511 árið 2024. Mikill meirihluti þessara félagaskipta voru á milli íslenskra félaga, eða 1.943.

Á árinu 2025 var 209 lánssamningum skilað inn til KSÍ, þar af 60 kvenna og 149 karla. Framkvæmdastjóra KSÍ bárust alls tvær formlegar óskir um undanþágur vegna félagaskipta markvarða utan félagskiptatímabils á árinu, frá FH og Fram. Umsóknirnar voru báðar vegna kvennaliðs félaganna og voru samþykktar vegna sérstakra aðstæðna.
Hér fyrir neðan má sjá tölfræði um félagaskipti sl. ára:

| | 2025 | 2024 | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi félagaskipta** | 2.632 | 2.511 | 2.836 | 3.044 | 2.803 | 2.681 | 2.859 | 2.471 | 2.558 | 2.739 | 2.353 | 2.221 |

**Lokaorð**
Ég vil þakka nefndarmönnum samninga- og félagaskiptanefndar fyrir samstarfið á liðnu starfsári. Þá færi ég þakkir til starfsmanns nefndarinnar og öðru starfsfólki skrifstofu KSÍ. Félagaskipti eru tíð og mikilvægt að traust ríki innan hreyfingarinnar um að skráningar og aðrar upplýsingar séu í lagi.

*Gísli Guðni Hall, formaður*

## Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2025-2026: Tinna Hrund Hlynsdóttir, formaður, Guðrún Jóna Kristjánsdóttir, Gunnar Már Guðmundsson, Kristrún Lilja Daðadóttir, Sigríður Baxter Þorláksdóttir, Þórður Einarsson og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Arnar Bill Gunnarsson og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 1 bókaðan fund á starfsárinu.

**Þjálfaramenntun**

KSÍ býður upp á tíu þjálfaragráður – KSÍ C, KSÍ B, KSÍ A, KSÍ Pro þjálfaragráður, KSÍ B Markmannsþjálfaragráðu, KSÍ A Markmannsþjálfaragráðu, KSÍ Barna- og unglingaþjálfun, KSÍ Afreksþjálfun unglinga, UEFA Fitness A og UEFA Fitness B. Allar þessar þjálfaragráður hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum aðildarríkjum UEFA.

| Þjálfaragráða | Fjöldi | Karlar | Konur |
|---|---|---|---|
| KSÍ C þjálfaragráða | 1.227 | 936 | 291 |
| KSÍ B þjálfaragráða | 646 | 566 | 80 |
| KSÍ A þjálfaragráða | 250 | 230 | 20 |
| KSÍ Pro þjálfaragráða | 78 | 74 | 4 |
| KSÍ Afreksþjálfun unglinga | 67 | 61 | 6 |
| KSÍ Barna- og unglingaþjálfun | 15 | 14 | 1 |
| KSÍ B Markmannsþjálfaragráða | 22 | 18 | 4 |
| KSÍ A Markmannsþjálfaragráða | 22 | 22 | 0 |
| UEFA Fitness A | 9 | 7 | 2 |
| Samtals: | 2.336 | 1.928 | 408 |

Skýringamynd af uppbyggingu námskeiða má finna hér fyrir neðan.



**KSÍ hélt 46 fræðsluviðburð á árinu fyrir 939 þátttakendur.**
Í fyrsta sinn útskrifaði KSÍ þjálfara með UEFA Fitness A þjálfaragráðu. Níu af okkar reyndustu fitness þjálfurum á landinu fengu sæti á námskeiðinu sem tókst með eindæmum vel. Þau útskrifuðust öll í lok október, sem fyrstu UEFA Fitness A þjálfarar landsins. Stefnt er að því að bjóða upp á UEFA Fitness B námskeið haustið 2026. Markmiðið er að bjóða upp á námskeiðin til skiptist, annað hvert ár.

KSÍ stóð fyrir veglegri ráðstefnu í lok maí, í samstarfi við hin Norðurlöndin ásamt Háskólanum í Reykjavík. Ráðstefnan bar nafnið Nordic Football Research Conference og fór fram í HR og stóð yfir tvo daga. Þetta er í annað skiptið sem ráðstefnan er haldin, en sú fyrsta fór fram í Helsinki 2022. Stefnt er að því að næsta ráðstefna verði í Odense í Danmörku, 2027.

KSÍ bauð í fyrsta sinn upp á KSÍ B þjálfaragráðu á ensku í þeim tilgangi að þjónusta þann fjölda erlendra þjálfara sem starfa hér á landi. 42 þjálfarar sóttu þau tvö námskeið sem haldin voru á ensku á árinu 2025 (KSÍ B 1 og KSÍ B 2) og verður áframhald á því á vorönn 2026 (KSÍ B 3 og KSÍ B 4).

Fræðsludeildin nýtti sér sem fyrr Canvas kennsluforritið í sínu námskeiðahaldi, þá sérstaklega á KSÍ C og B þjálfaragráðum. Canvas gerir KSÍ kleift að senda þátttakendum upptöku af fyrirlestrum og verkefni sem þátttakendur eiga að horfa á og vinna áður en mætt er á námskeið.
Eins og undanfarin ár bar KSÍ gæfa til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum sínum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

**Reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara**
Reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara má finna hér á heimasíðu KSÍ.

**Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2025**

***Alls 46 fræðsluviðburðir og 939 þátttakendur***

| Dagsetning | Viðburður | Þátttakendur |
|---|---|---|
| 4.-5. janúar | KSÍ C 1 þjálfaranámskeið á Akureyri | 24 |
| 11.-12. janúar | KSÍ C 1 þjálfaranámskeið | 25 |
| 18.-19. janúar | KSÍ C 1 þjálfaranámskeið | 31 |
| 1.-2. mars | KSÍ C 1 þjálfaranámskeið á ensku | 21 |
| 15.-16. mars | KSÍ C 1 þjálfaranámskeið á Reyðarfirði | 15 |
| 8.-9. febrúar | KSÍ C 2 þjálfaranámskeið | 24 |
| 15.-16. febrúar | KSÍ C 2 þjálfaranámskeið | 21 |
| 22.-23. mars | KSÍ C 2 þjálfaranámskeið á ensku | 22 |
| 29.-30. mars | KSÍ C 2 þjálfaranámskeið á Akureyri | 17 |
| 26.-27. apríl | KSÍ C 2 þjálfaranámskeið á Egilsstöðum | 15 |
| 4.-5. október | KSÍ B 1 þjálfaranámskeið | 21 |
| 11.-12. október | KSÍ B 1 þjálfaranámskeið á ensku | 22 |
| 4.-5. nóvember | KSÍ B 1 þjálfaranámskeið á Akureyri | 13 |
| 8.-9. nóvember | KSÍ B 2 þjálfaranámskeið | 21 |
| 15.-16. nóvember | KSÍ B 2 þjálfaranámskeið á ensku | 20 |
| 11.-12. janúar | KSÍ B 3 þjálfaranámskeið | 14 |
| 1.-2. febrúar | KSÍ B 3 þjálfaranámskeið | 26 |

| | | |
|---|---|---|
| 15.-16. febrúar | KSÍ B 4 þjálfaranámskeið | 24 |
| 1.-2. mars | KSÍ B 4 þjálfaranámskeið | 17 |
| Allt árið | KSÍ B þjálfaraskóli | 38 |
| 11.-12. október | KSÍ A 1 þjálfaranámskeið | 32 |
| 19.-20. september | KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (tímabilaskipting) | 19 |
| 7. október | KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (leikgreining) | 19 |
| 30.okt-4.nóv | KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (námsferð til Danmerkur) | 19 |
| Janúar-apríl | KSÍ A 3 þjálfaranámskeið | 13 |
| 29.-30. janúar | KSÍ Pro þjálfaranámskeið (áætlanagerð og fitness þjálfun) | 17 |
| 19.-20. maí | KSÍ Pro þjálfaranámskeið (áætlanagerð, leikfræði og sigurvegara umhverfi) | 17 |
| 1.maí-31.ágúst | KSÍ Pro þjálfaranámskeið (hópavinna og yfirferð á sumarverkefni) | 17 |
| 27. nóvember | KSÍ Pro þjálfaranámskeið (kynning á heimsóknum til atvinnamannafélaga) | 17 |
| 28.-29. mars | KSÍ B Markmannsþjálfaragráða - fyrri helgi | 12 |
| 30-31. maí | KSÍ B Markmannsþjálfaragráða - seinni helgi | 11 |
| 5. nóvember | KSÍ B Markmannsþjálfaragráða - kynning á lokaverkefni | 5 |
| 22.-23. febrúar | KSÍ Grunnnámskeið í markmannsþjálfun | 11 |
| 28.-29. nóvember | KSÍ Grunnnámskeið í markmannsþjálfun | 16 |
| 17.-19. janúar | KSÍ Afreksþjálfun unglinga | 20 |
| 3.-5. október | KSÍ Barna- og unglingaþjálfun | 18 |
| 31.jan-2.feb | UEFA Fitness A - Kröfur leiksins | 9 |
| 31.mars-1.apríl | UEFA Fitness A - Áætlanagerð | 9 |
| 26.-27. maí | UEFA Fitness A - Styrktarþjálfun | 9 |
| 8.-9. september | UEFA Fitness A - Endurheimt og næring | 9 |
| 21.-22. október | UEFA Fitness A - Kynning á heimsóknum til félaga | 9 |
| 28. janúar | Endurmenntunarviðburður - Hvernig getum við búið til fleiri framúrskarandi leikmenn á Íslandi? | 50 |
| 14.-15. febrúar | Námskeið fyrir sjúkraþjálfara - Michael Giakoumis (Muscle Injury Course) | 29 |
| 21.-22. maí | Nordic Football Conference - Samstarf KSÍ og HR | 90 |
| 28. maí | Endurmenntunarviðburður - Eykur meðvitund styrkleika jákvæða liðsheild | 15 |
| 1. september | Endurmenntunarviðburður - Leiðbeinendanámskeið | 16 |
| | Samtals: | 939 |

## Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2016-2025




## Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2016-2025



## Skýrsla grasrótanefndar

Í Grasrótarnefnd KSÍ árið 2025 sátu: Trausti Hjaltason, formaður, Guðmundur Bj. Hafþórsson, Petra Lind Einarsdóttir, Rúnar Már Sverrisson, Tinna Hrund Hlynsdóttir, Tryggvi Gunnarsson og Þorsteinn Haukur Harðarson. Sóley Guðmundsdóttir var starfsmaður KSÍ í nefndinni.

### Grasrótarverkefni 2025

*Komdu í fótbolta með Mola* heldur áfram að vera eitt af stærstu grasrótaverkefnum KSÍ. Þetta var sjöunda sumarið í röð sem Siguróli Kristjánsson, betur þekktur sem Moli, ferðaðist um landið og heimsótti minni sveitarfélög. Verkefnið stóð yfir í samtals tvo mánuði yfir sumarið. Á þessu tímabili heimsótti Moli 37 staði og hitti þar um 630 börn. Markmiðið með verkefninu er að efla áhuga iðkenda á knattspyrnu og styðja við knattspyrnustarfið á hverjum stað fyrir sig. KSÍ kann bestu þakkir þeim sveitarfélögum sem tóku vel á móti Mola.

Háttvísisviðurkenningum Landsbankans og KSÍ var úthlutað í sumar. Öllum félögum sem skipuleggja mót í yngri flokkum bauðst að fá viðurkenningar til afhendingar. Árið 2025 afhentu félögin 56 viðurkenningar á 23 mótum um allt land. Mótin sem afhentu háttvísiverðlaunin eru frá 8. flokki upp í 3. flokk í karla og kvennaflokki.

Grunnskólamót KRR fór fram í ár eins og undanfarna áratugi. KRR heldur mótið fyrir 7. og 10. bekk í grunnskólum í Reykjavík.

Samstarf KSÍ, Blindrafélagsins og Samtaka íþróttafréttamanna hélt áfram á árinu. Með samstarfinu er boðið upp á sjónlýsingu á landsleikjum A landsliða Íslands sem fara fram á Laugardalsvelli. Árið 2025 fóru fjórir A landsleikir fram á Laugardalsvelli, þrír hjá A landsliði karla og einn hjá A landsliði kvenna. Á þessa fjóra leiki voru samtals 127 notendur sem nýttu sér þjónustuna. Þjónustan er aðgengileg hverjum sem er í smáforriti og á netinu, sama hvort viðkomandi sé á leiknum eða í sófanum heima.

Allir með leikarnir voru haldnir í Laugardalshöll þann 8. nóvember. Knattspyrna var ein af íþróttunum sem boðið var upp á á leikunum. Markmiðið með viðburðinum er að bjóða fötluðum börnum að prufa hinar ýmsu íþróttir. Allir með leikarnir er hluti af verkefninu Allir með sem er með það markmið að fjölga tækifærum fatlaðra barna til íþróttaiðkunar.

Samstarfsverkefni KSÍ og Bergsins, Tæklum tilfinningar var umfjöllunarefni í heimildarþætti UEFA um andlega heilsu. Þátturinn fjallar um mikilvægi góðrar andlegrar heilsu og samspil hennar við knattspyrnuiðkun. Samstarfsverkefninu lauk í byrjun sumars 2025.

Nýjasta samfélagsverkefni KSÍ er samstarfsverkefni með SÁÁ sem ber yfirskriftina *„Það er til hjálp“*. Með verkefninu er ætlað að vekja athygli á spilavanda og hvetja þau sem á þurfa að halda að leita sér viðeigandi aðstoðar. KSÍ og SÁÁ leggja áherslu á að öll geti leitað sér hjálpar og ráðgjafar, hvort sem um er að ræða leikmenn, þjálfara, dómara, aðstandendur eða almennt áhugafólk um knattspyrnu.

## Iðkendafjöldi

ÍSÍ tekur árlega saman tölfræði yfir iðkanir hjá sérsamböndum. Tölur sem birtar voru í árslok 2025 voru fyrir árið 2024. KSÍ er það sérsamband sem er með flestar iðkanir allra sérsambanda innan ÍSÍ. Í tölum sem birtar voru í desember 2025 segir að iðkanir í knattspyrnu árið 2024 hafi verið 32.108 talsins sem er aukning um tæplega 2000 iðkendur frá 2023.

| Kyn | Aldursbil | Iðkanir |
|---|---|---|
| Konur | 17 ára og yngri | 9,688 |
| Konur | 18 ára og eldri | 1,253 |
| Karlar | 17 ára og yngri | 17,107 |
| Karlar | 18 ára og eldri | 4,059 |
| Annað | 18 ára og eldri | 1 |
| **Samtals iðkanir** | | **32,108** |

Skilgreining á iðkun (iðkanir):
*Iðkun segir til um fjölda iðkana í hverju félagi, íþróttagrein eða innan íþróttahéraðs. Hver einstaklingur getur verið iðkandi í mörgum greinum og jafnvel er hægt að telja sama einstaklinginn oftar en einu sinni í hverri íþróttagrein, svo framarlega sem hann stundar greinina með fleiri en einu félagi.*
https://isi.is/um-isi/utgafa/myndraen-tolfraedi/2024/

## Skýrsla mannvirkjanefndar

**Skýrsla mannvirkjanefndar 2025**

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtaldir einstaklingar árið 2025: Jón Sigurður Pétursson, formaður, Ásthildur Helgadóttir, Bjarni Þór Hannesson, Eyrún Linnet, Inga Rut Hjaltadóttir, Viggó Magnússon og Þorkell Máni Pétursson. Starfsmenn nefndarinnar voru Birkir Sveinsson, sviðsstjóri mótasviðs og mótastjóri sambandsins, ásamt Fannari Helga Rúnarssyni, leyfisstjóra.
Úr mannvirkjanefnd KSÍ fóru Unnar Stefán Sigurðsson, Þorbergur Karlsson, Jón Runólfsson og Kristján Ásgeirsson.

**Helstu verkefni mannvirkjanefndar árið 2025**

Með breyttri nýtingu mannvirkjasjóðs hefur hlutverk mannvirkjanefndar þróast á síðasta ári. Fundað er eftir þörfum og hefur nefndin verið sem fyrr stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar. Nefndin annast flokkun knattspyrnuvalla og gerir tillögur til stjórnar KSÍ um veitingu keppnisleyfa fyrir leikvelli.
Stærsta verkefnið sem nefndin hefur fyrir höndum er endurskoðun reglugerðar KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Ný reglugerð mun taka mið af kaflaskiptingu og uppsetningu reglugerðar UEFA *Stadium Infrastructure Regulations*.
Annað stórt og jafnframt mikilvægt verkefni komandi tíðar er að vera í virkum samskiptum við önnur knattspyrnusambönd og stofnanir, þá helst norrænu samböndin, um það hvernig við bregðumst við banni ákveðinna innfylliefna á gervigrasvöllum sem tekur gildi 2031.
Með tilkomu nýs vefs á ksi.is þá vill nefndin einnig taka til skoðunar hvernig upplýsingum um knattspyrnumannvirki og aðra leikvelli er vistað og framsett. Þar er líklega tækifæri til frekari framsetningar á eiginleikum knattspyrnumannvirkja, flokkun þeirra og jafnvel utanumhald formlegra eftirlits- og skoðanaferða starfsmanna KSÍ.

**Vallarleyfi**

Að venju annast nefndin útgáfu vallarleyfa í efstu deildum. Vallarleyfi er að öllu jöfnu gefin út til tveggja ára í senn, nema í þeim tilfellum þar sem vallarleyfi eru afgreidd með undanþágu. Voru þau samþykkt af stjórn KSÍ 27. mars , 19. maí, 19. júní og 12. ágúst á árinu 2025.

**Eftirfarandi vallarleyfi voru afgreidd í vallarflokki B til tveggja ára:**

- Stjörnuvöllur
- Þróttarvöllur
- Hásteinsvöllur
- Stakkavíkurvöllur

**Eftirfarandi vallarleyfi voru afgreidd með undanþágu til lok árs 2025.**

- KA – völlur, undanþága vegna fjölda sæta og þaks á stúku 31.12.2025
- Torfnesvöllur, undanþága vegna þaks á stúku, B – Leyfi 31.12.2025
- Varmárvöllur undanþága vegna þaks, á fyrsta ári í efstu deild B – Leyfi 31.12.2025
- Boginn Akureyri C Leyfi 31.12.2025

**Eftirfarandi vallarleyfi voru afgreidd í vallarflokki C til 2 ára 31.12.2026**

- Fjarðarbyggðarhöll
- Sauðarkróksvöllur
- Fjölnisvöllur

- Leiknisvöllur
- Selfossvöllur
- Húsavíkurvöllur

**Laugardalsvöllur**
Fyrir allnokkru síðan var orðið ljóst að ekki væri unnt að spila mikið lengur á þáverandi yfirborði Laugardalsvallar. Árið 2023 vann mannvirkjanefnd mikla vinnu við að bera saman mismunandi yfirborðsefni og lagði hún svo fram, undir lok þess árs, tillögu til stjórnar KSÍ þess efnis að á Laugardalsvelli skyldi vera komið fyrir undirhita og ofaná það lagt hybrid-gras (eða blendigras).
Stjórn KSÍ hefur síðan þá unnið það mál áfram með Ríkíssjóði Íslands og Reykjavíkurborg og hófust framkvæmdir strax um haustið/veturinn 2024. Það var svo framúrskarandi vinnu allra sem að þessu komu að þakka að völlurinn var tilbúinn og tekinn til notkunar sumarið 2025. Þykir nefndinni sérstaklega mikilvægt að undirstrika hve vel tókst og hrósa öllum hlutaðeigandi því nú hefur þjóðin leikflöt sem hún getur verið stolt af nánast allan ársins hring.
Næstu skref eru að laga aðstöðuna undir aðalstúkunni og að vinna áfram með framtíðarsýn KSÍ sem er uppbygging á stúku sem nær hringinn í kringum völlinn. Mannvirkjanefnd verður stjórn KSÍ til ráðgjafar í þeim málum sé þess óskað.

**Norrænt samstarf**
Mannvirkjanefnd KSÍ hefur byggt upp náið samstarf við knattspyrnusamböndin á Norðurlöndunum þar sem um sameiginlega hagsmuni er að ræða. Samstarfið nær aftur til stofnun mannvirkjanefndar KSÍ, ársins 1989. Knattspyrnusamböndin hafa byggt upp með sér þekkingu og hafa deilt sín á milli þekkingu ásamt upplýsingum sem koma að mannvirkjum. Norrænu þjóðirnar hafa haldið góðu sambandi síðastliðið ár og eru samskipti milli þjóðanna mikilvæg. Norðurlandaþjóðirnar hafa skipst á að halda samráðsfundi í tengslum við mannvirkja- og vallarmál og stefnt að því að halda slíkan fund haustið 2026.

**Lokaorð**
Mannvirkjanefndin vill koma á framfæri sínu þakklæti til aðildarfélaga KSÍ fyrir gott samstarf á liðnu ári. Einnig vil ég þakka nefndarfólki sérstaklega fyrir sína þátttöku í þessari mikilvægu nefnd og hlakka til frekara samstarfs á þessu sviði.
Á síðasta ári stigu til hliðar þrír nefndarmenn sem allir höfðu starfað með nefndinni lengi og tveir þeirra setið í nefndinni nær óslitið frá stofnun hennar sem við teljum vera árið 1989. Það er mikill missir af þeirra gríðarmiklu reynslu og þakkar mannvirkjanefndin þeim kærlega fyrir ómetanlegt framlag þeirra til knattspyrnuhreyfingarinnar. Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirssson og Þorbergur Karlsson, takk fyrir!
Sömuleiðis bauð stjórnarmaður KSÍ og þáverandi formaður mannvirkjanefndar, Unnar Stefán Sigurðsson, sig ekki fram til áframhaldandi setu fyrir ársþingið 2025. Núverandi formaður þakkar Unnari kærlega fyrir ánægjulegt og frábært samstarf og þakkar honum sömuleiðis í nafni mannvirkjanefndar.
Að lokum vil ég sækja innblástur í orð síðasta formanns mannvirkjanefndar og hvetja öll knattspyrnufélög og sveitarfélög á Íslandi til að nýta sér þá þekkingu og kunnáttu sem meðlimir mannvirkjanefndar búa yfir. Það er eindreginn vilji nefndarinnar að miðla sinni þekkingu, aðstoða eftir bestu getu og styðja við þróun og uppbyggingu íslenskrar knattspyrnu.

*Jón Sigurður Pétursson formaður*